

Málsnúmer 1806317

## Erindisbréf

### **samráðsnefnd um gerð rammaskipulags fyrir samkeppnissvæði Flensborgarhafnar og Óseyrarsvæðis í samræmi við samþykkt hafnarstjórnar frá 26. júní 2018**

Þann 1. júní 2018 voru kynnt úrslit í opinni hugmyndasamkeppni um framtíðarskipulag fyrir Flensborgarhöfn og Óseyrarhöfn innan skipulagssvæðis Hafnarfjarðarhafnar. Samkeppnin var sameiginlegt verkefni Hafnarfjarðarhafnar og Hafnarfjarðarbæjar í samvinnu við Arkitektafélag Íslands. Tvær tillögur fengu sameiginlega 1. – 2. verðlaun, önnur frá hollenskri teiknistofu og hin frá sænskri.

Í framhaldi af samkeppninni var gerð eftirfarandi samþykkt í bæjarstjórn þann 20. júní 2018:

"Uppbygging á hafnarsvæðinu

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að fylgja eftir þeim tillögum sem fram komu í nýlokinni hugmyndasamkeppni um Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði. Í tillögnum eru settar fram hugmyndir til uppbyggingar með iðandi mannlífi í sátt við atvinnustarfsemi á skipulagssvæðinu. Mikilvægt er að fylgja þessum tillögum eftir með áframhaldandi skipulagsvinnu."

Í framhaldi af samþykkt bæjarstjórnar var eftirfarandi tillaga samþykkt í hafnarstjórn þann 26. júní.

"Hafnarstjórn þakkar öllum þeim sem þátt tóku í opinni hugmyndasamkeppni um framtíðarskipulag Flensborgarhafnar og Óseyrarsvæðis, en niðurstöður dómnefndar voru kynntar þann 1. júní sl. Hafnarstjórn samþykkir að unnið verði að gerð rammaskipulags af umræddu samkeppnissvæði í samvinnu við skipulagsráð og Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðarbæjar. Leitað verði samstarfs við þær arkitektastofur sem hlutu saman 1-2 verðlaun í hugmyndasamkeppninni um þá skipulagsvinnu. Skipuð verði tímabundin samráðsnefnd skipuð 3 fulltrúum frá hafnarstjórn og 2 frá skipulags- og byggingaráði til að vinna að nánari undirbúningi og tilhögun skipulagsvinnunnar í samstarfi við hafnarstjóra og skipulagsfulltrúa bæjarins. Hafnarstjórn beinir því til skipulags- og byggingaráðs að skipa 2 fulltrúa í samráðsnefndina."

Hafnarstjórn skipaði fulltrúa í samráðsnefndina á fundi sínum þann 3. júlí og skipulags- og byggingaráð sína fulltrúa á fundi ráðsins þann 10. júlí.

**Hlutverk samráðsnefndar:**

Meginhlutverk samráðsnefndar er að stýra vinnu við gerð rammaskipulags fyrir umrætt skipulagssvæði, ganga frá samkomulagi við þær arkitektastofur sem unnu til 1. – 2. verðlauna í hugmyndasamkeppni vorið 2018 og vera ráðgefandi aðili í samstarfi við þær.

**Skipulag:**

Starfshópurinn tók til starfa þegar í júlímánuði 2018. Samkvæmt fyrirbyggjandi verkáætlun er stefnt að því að vinnu við gerð rammaskipulagsins verði lokið í maí 2019.

Greitt verður fyrir fundarsetu í samráðsnefndinni skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerð öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunnu máli í tengslum við störf hópsins.

Á fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 eru áætlaðar samtals 20 milljónir til vinnu við gerð rammaskipulagsins. 10 milljónir koma frá Hafnafjarðarhöfn og 10 milljónir frá Umhverfis- og skipulagssviði. Þessi fjárhæð á að mæta öllum kostnaði við gerð skipulagsins og starfi samráðsnefndarinnar. Áætlað er að nefndin fundi 18 sinnum og heildarkostnaður við störf nefndarinnar verði um 2,5 milljónir kr.

Starfshópurinn starfar í umboði hafnarsstjórnar og skipulags- og byggingaráðs.

**Skipan hópsins:**

Kristín María Thoroddsen, formaður  
Ágúst Bjarni Garðarsson  
Gylfi Ingvarsson  
Karólína Helga Símonardóttir  
Ólafur Ingi Tómasson

**Með hópnum starfa:**

Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri  
Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt, umhverfis- og skipulagssviði  
Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi, umhverfis- og skipulagssviði

Erindisbréfið samþykkt ???

